



ATVINNU-, FERÐA- OG MENNINGARNEFND

HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026

Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026. 15. Fundur 29.10.25 Sæstar kl 16:00.

Mættir eru: Arna Þöll Sigmundsdóttir, Herbert Hauksson, Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir.

1. Jólamarkaður Hrunamannahrepps verður haldinn 6. Desember kl 13:00-16:00.

Allir nefndarmenn eru á fullu að skipuleggja jólamarkaðinn og hafa verið undafarnar vikur.

Skipt verður með sér verkefnum. Arna og Ragnhildur sjá um að bóka aðila á markaðinn, Herbert sér um að breyta dagsetningu á skiltunum sem voru hönnuð sem auglýsing fyrir markaðinn. Hann setur þau upp ca. 24 nóvember, 2 vikum fyrir.

Nefndin ætlar að hafa samband við tónlistarmann úr sveitinni til að fá hann til að syngja nokkur lög á markaðinum og hefur samband við fleiri aðila sem þarf að festa fyrir markaðinn.

Nefndin hjálpast að við að leysa verkefni sem eru framundan til að klára undirbúning og verða í sambandi til að fara yfir málin.

Það lítur allt vel út með markaðinn og fyrirtæki jákvæð að koma aftur og sum ný fyrirtæki að koma.

Dúkarnir eru bókaðir fyrir markaðinn og við megum koma í Félagsheimilið daginn áður og setja allt upp sem léttir mikið á.

ÍBU sér um kaffisöluna í ár.

2. Næsti fundur hjá nefndinni er áætlaður mánudaginn 24.11.25 kl 16:00 í Ráðhúsinu.

Fundi slitið kl 16:43.

Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir
Arna Þ. Sigmundsd.